

Alþingi
Erindi nr. P 132/1508
komudagur 31.3.2006

SAFNAHÚSIÐ Á HÚSAVÍK

Stóragarði 17 – 640 Húsavík
Sími: 464 1860 – Bréfsími: 464 2160
Netfang: safnahus@husmus.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Húsavík, 29. mars 2006.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguminjar, 239. mál.

Virðulega samgögnunefnd.


Undirrituðum hefur verið send umrædd tillaga til þingsályktunar til umsagnar, sbr. bréf. frá samgögnunefnd Alþingis dags. 21. mars sl.

Hef ég engar athugasemdir fram að færa en bendi á að það sem hér er verið að fjalla um fellur undir minjaskráningu og eðlilegt að Fornleifavernd ríkisins verði sá aðili sem safnar slíkum upplýsingum á einn stað enda ættu þegar að vera þar fyrir hendi verulegar upplýsingar varðandi samgönguminjar. Leita þarf fanga í skjalagögnum er snerta vegagerð, hafnarmál og póstpjónustu í landinu. Einnig hjá Þjóðskjalasafni, héraðsskjalasöfnum, Þjóðminjasafni, byggða- og minjasöfnum og víðar þar sem upplýsingar kunna að leynast.

Það mælir því ekkert í mót að sett verði á fót nefnd er starfi í afmarkaðan, stuttan, tíma og hafi það hlutverk að leggja línur. Mikilvægast er þó að tryggja Fornleifavernd ríkisins nægt fjármagn til að sinna slíkri upplýsingaöflun og skráningu, sem er forsenda þess að geta sett "samgönguminjaáætlun" fram, svo sem nefnt er í tillögunni. Gerist það ekki verður einungis um enn eitt hálfkákíð í minnjavörslunni í landinu að ræða – og slíkt er óþarfi.

Virðingarfyllst,

f.h. Safnahússins á Húsavík


Guðni Halldórsson, forst.m.